

Nr. 14/1996. Þriðjudaginn 17. desember 1996.
Alþýðusamband Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Fram, verkalýðsfélags,
 (Ástráður Haraldsson hrl.)
 gegn
Vinumálasambandinu vegna
Fiskiðjunnar Skagfirðings hf.
 (Jón Rúnar Pálsson hdl.)

Kjarasamningur. Vinnslustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. desember sl., var höfðað með stefnu útgefni 4. nóvember, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 7. nóvember sl.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Sigmundur Hannesson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skippholti 50c, Reykjavík, vegna Fram, verkalýðsfélags, kt. 560169-1169, Sæmundargötu 7a, Sauðárkróki.

Stefndi er Vinnumálasambandið, kt. 700269-3379, Grensásvegi 16, Reykjavík vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., kt. 461289-1269, Eyrarvegi 16, Sauðárkróki.

Dómkröfur stefnanda:

1.a. Aðalkrafa:

Að dæmt verði að vinnslustöðvun stefnda sem tilkynnt var stefnanda 12. júlí 1996 og sem kom til framkvæmda 12. ágúst 1996 og stóð til 1. október 1996 hafi verið brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS með því að forsendur þær sem kjarasamningur áskilur hafi ekki verið fyrir hendi.

1.b. Til vara er þess krafist:

Að dæmt verði að vinnslustöðvun stefnda sem tilkynnt var stefnanda 12. júlí 1996 og sem kom til framkvæmda 12. ágúst 1996 hafi verið brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS

frá 1. september 1996 með því að forsendur þær sem kjarasamningur áskilur hafi ekki verið fyrir hendi frá þeim tíma.

1.c. Til þrautavara er þess krafist:

Að dæmt verði að vinnslustöðvun stefnda sem tilkynnt var stefnanda 12. júlí 1996 og sem kom til framkvæmda 12. ágúst 1996 hafi verið brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS frá 23. september 1996 með því að forsendur þær sem kjarasamningur áskilur hafi ekki verið fyrir hendi frá þeim tíma.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið að þann 12. júlí 1996 barst Verkalýðsfélaginu Fram á Sauðárkróki bréf frá Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. þar sem tilkynnt var um vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts í frystingu bolfisks á Sauðárkróki og í saltfiskvinnslu á Hofsósi. Vinnslustöðvunin var boðuð með 4 vikna fyrirvara eða frá og með 12. ágúst 1996. Skýringar stefnda á vinnslustöðvuninni koma fram í Fréttabréfi til starfsmanna 15. júlí 1996, en þar segir: „Ástæður þess eru að hráefnisöflun er erfið á þessum tíma og hins vegar er ljóst að afkoma í bolfiskvinnslu er óviðunandi.“

Vinnslustöðvunin gekk eftir og að sögn stefnanda misstu milli 70-80 manns vinnuna þann 12. ágúst. Uppsögn þessi hafi komið starfsfólki og stefnanda í opna skjöldu þar sem síðastliðið vor hafi verið kynnt á starfsmannafundi að samkvæmt rekstraráætlun kæmi ekki til lokunar á þessu ári.

Forsenda vinnslustöðvunarinnar hafi verið hráefnisskortur en stefndi á fimm skip, Klakk, Hegrans, Skagfirðing, Skafta og Málmey og hafi það verið mál manna að þar sem nýtt kvótaár byrjaði 1. september stæði hráefnisskorturinn í sambandi við það að kvóti þeirra væri uppurinn.

Þegar starfsmenn voru ekki boðaðir til vinnu á nýju kvótaári og vitað hafi verið að skip stefnda voru að koma með afla að landi hafi stefnandi beðið um fund með forsvarsmönnum stefnda þann 17. september þar sem óskað var eftir skýringum. Fátt hafi verið um svör en ýjað að fyrirsjáanlegum taprekstri.

Þann 19. september var stofnuð fiskvinnsludeild innan Verkalýðsfélagsins Fram sem sendi frá sér fréttatilkynningu og svohljóðandi ályktun þann 20. september:

„Stofnfundur deildar fiskvinnslufólks innan Verkalýðsfélagsins Fram, DFVE, haldinn 19. september 1996 minnir á að vinnslustöðvun sl. á tveimur vinnustöðum hjá Fiskiðju Skagfirðinga, þ.e. í frystideild á Sauðárkróki og saltfiskvinnslu á Hofsósi, hefur staðið frá 12. ágúst sl. Misstu þar vinnu samtals 70-80 manns. Þarna hefur ekki verið unnið síðan og nú hafa farið þar forgörðum 29 vinnudagar. Eitthvað af þessu fólki er nú í tímabundinni vinnu. Fundurinn mót-mælir harðlega að starfsfólki við einn þýðingarmesta undirstöðu-atvinnuveg þjóðarinnar sé ekki búið meira starfsöryggi en raun ber vitni.

Því óvissuástandi sem nú varir um framhald fiskvinnslu á þessum vinnustöðum verður að léttu. Er skorað á stjórnendur fyrirtækisins að láta uppi nú þegar hver þeirra áform eru með framhaldið. Fundurinn óskar eftir því við félagið að það kanni lögmæti þess að halda fólki í þessari óvissu; að vera sagt upp vegna hráefnisskorts en að vinna hefjist ekki, þrátt fyrir að nýtt kvótaár sé hafið og hvort vinnslustöðvun geti á þennan hátt verið ótímabundin og varað t.d. mánuðum saman.“

Í framhaldi af fundinum var stefnda tilkynnt að könnun væri að fara í gang á lögmæti áframhaldandi vinnslustöðvunar og þann 23. september sendi lögfræðingur stefnanda stefnda bréf þar sem lögmæti áframhaldandi vinnslustöðvunar var dregin í efa og óskað eftir upplýsingum um afla skipa stefnda frá 12. ágúst og hvar, hvenær og hvernig afli þeirra var unninn eða seldur.

Ekkert svar hafi borist við fyrirspurnunum en þann 26. september ákvað stjórn stefnda að segja upp ráðningu 90 manna frá og með 1. október á Sauðárkróki og Hofsósi. Um leið og uppsagnarbréfum var dreift var fólk boðað til vinnu 1. október en með því lauk vinnslustöðvuninni.

Með bréfi dags. 14. október var beiðni um upplýsingar um afla skipa í eigu stefnda ítrekuð og jafnframt var óskað eftir upplýsingum um sölu á afla skipa stefnda og kaup stefnda á svokölluðum rússafiski á tímabilinu og hverjar birgðir væru af óunnum fiski í frystigeymslu stefnda á tímabili vinnslustöðvunar. Þá var stefnda tilkynnt formlega að stefnandi áskildi sér rétt að höfða mál á hendur

stefnda til að fá úrlausn dómstóla um réttmæti vinnslustöðvunarinnar.

Enn hafi ekkert svar borist við fyrirspurnunum en þann 15. október barst stefnanda bréf frá lögfræðingi Vinnuálagssambandsins þar sem hafnað var að gefa umbeðnar upplýsingar. Þá þegar var byrjað að afla upplýsinga annars staðar frá þar sem samkvæmt upplýsingum Tilkynningaskyldunnar hafi skip stefnda verið meira og minna á veiðum allt vinnslustöðvunartímabilið. Því hafi verið óskað eftir upplýsingum frá Fiskistofu Íslands um landanir skipa í eigu stefnda innanlands. Meginniðurstaðan sé sú að skip stefnda hafi verið á veiðum allt vinnslustöðvunartímabilið, fjögur voru að veiðum utan landhelgi, en Skafti SK-3 á ísfiskveiðum og landaði afla annað hvort á Fiskmarkaði Vestfjarða eða þá í saltfiskvinnslu stefnda sem hafi aukið afköst sín á tímabili meðan vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts varði í bolfiskvinnslu stefnda. Svo virðist því, sem á sama tíma og vinnslustöðvun var vegna hráefnisskorts í bolfiskvinnslu, hafi orðið aukning í saltfiskvinnslu stefnda. Þá hafa starfsmenn stefnda upplýst að þann 1. október þegar þeir voru kvaddir til vinnu hafi þeir verið látnir þýða upp óunninn fisk sem var til í frystigeymslum stefnda.

Allt beri því að sama brunni, að stefndi hafi átt nóg hráefni til að halda uppi vinnslu, ef ekki allan tímann sem vinnslustöðvun varði frá 12. ágúst 1996, þá frá 1. september 1996 þegar nýtt kvótaár hófst, eða frá þeim degi sem Skafti SK-3 hafði landað alls 211 tonnum þann 23. september 1996. Ítrekað hafi verið reynt að fá forsvarsmenn stefnda til að gefa upplýsingar sem styðja þá niðurstöðu en því hafi verið hafnað. Því hafi verið tekin sú ákvörðun að leita til dómstóla til að fá viðurkenningu á því að forsendur vinnslustöðvunar hafi ekki verið fyrir hendi.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda byggir á því að forsendur vinnslustöðvunar hjá stefnda, samkvæmt ákvæði 16.8.1. í kjarasamningi aðila, hafi aldrei verið fyrir hendi og að vinnslustöðvunin hafi því verið brot á ákvæði kjarasamningsins frá upphafi. Stefndi stöðvi vinnslu sína með heimild sem er að finna í fyrrgreindu ákvæði sem hljóðar svo: „Ef horfur eru á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts er fyrirtæki þó jafnan heimilt með tilkynningu til starfsfólks, vinnu- miðlunar og verkalýðsfélags að boða vinnslustöðvun með fjögurra

vikna fyrirvara. Sé vinnsla í fyrirtækinu er nægilegt að hengja upp almenna tilkynningu, ella skal hverjum starfsmanni tilkynnt um vinnslustöðvunina. Launagreiðslur falla þá niður frá og með þeim tíma, sbr. 3. gr. laga 19/1979.“

Heimildin í ákvæði 16.8.1. sé svokölluð force major regla, þ.e. um er að ræða ástand sem leiðir til vinnslustöðvunar sem vinnuveitanda er ekki um að kenna. Með vísan til atvika á vinnslustöðvunartímabilinu telur stefnandi að slíkt ástand hafi ekki verið fyrir hendi hjá stefnda. Stefnandi bendir á að þær ástæður sem stefndi hreyfði í Fréttabréfi til starfsmanna 15. júlí 1996 séu ekki fullnægjandi force major forsendur samkvæmt skilgreiningu kjarasamningsákvæðisins. Heimildin í ákvæði 16.8.1. firri vinnuveitendur ábyrgð í ófyrirsjáanlegum hráefnisskortri eða fyrirsjáanlegum hráefnisskortri af óviðráðanlegum ástæðum eins og vegna bruna eða skipstapa. Óviðunandi afkoma í bolfiskvinnslu eigi þar ekki undir en við þær aðstæður hafi stefnda verið nær að segja starfsmönnum sínum upp störfum með heimild í uppsagnarákvæðum samningsins skv. XII. kafla um uppsagnarfrest og endurráðningu.

Í stuttu máli byggir stefnandi málsástæður fyrir aðalkröfu á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hafi skip stefnda; Klakkur SH-510, Hegranes SK-2, Málmei SK-1, Skafti SK-3 og Skagfirðingur SK-4 verið á veiðum allan tímann og landað afla sem hægt hefði verð að nota til vinnslu í bolfiskdeild stefnda. Þannig hafi Klakkur landað 43.839 kg þann 16. ágúst og Skafti SK-3 52.985 kg þann 21. ágúst 1996 og 2.880 kg þann 31. ágúst eða allt fyrir nýtt kvótaár sem byrjaði 1. september 1996. Eftir það hafi Skafti landað 127.885 kg þann 2. september og 27.614 kg þann 23. september. Alls hafi Skafti SK-3 þá landað 211.364 kg á mánaðartíma á meðan vinnslustöðvun varði vegna hráefnisskortis. Alls hafi skip stefnda því landað frá 12. ágúst til 30. september 1996 262.966 kg. Miklu af þeim afla hafi verið landað á Ísafirði þar sem Fiskmarkaður Vestfjarða keypti hann en hluti af aflanum muni hafa farið í saltfiskvinnslu stefnda.

Í öðru lagi hafi stefndi breytt um áherslur í vinnsluáðferðum sínum á meðan vinnslustöðvun varði og aukið saltfiskvinnslu á kostnað bolfiskvinnslu og þannig dulbúið hráefnisskortinn í bolfiskvinnslunni. Þannig liggir fyrir að um 13 ný stöðugildi hafi orðið til í saltfiskvinnslunni á tímabili, meðan heita átti hráefnisskortur í

bolfskivinnslunni. Stefnandi telur að stefndi geti ekki leikið sér þannig með force major heimildina í ákvæði 16.8.1. og sent hluta af starfsfólki sínu heim launalaust með vísan til hráefnisskorts en auk-ið vinnslu í saltfiskdeild sama fyrirtækis vegna aukins hráefnis. Force major tilvikið eigi að vera afdráttarlaust, annað hvort sé hráefnisskortur eða ekki.

Í þriðja lagi hafi stefndi átt a.m.k. 150 tonn af óunnum frystum fiski í frystigeymslum sínum, þ.e. svokölluðum rússafiski. Fisk þennan hafi stefndi keypt af rússnesku flutningaskipunum Salni 19. janúar, 185.40 tonn og Kovdor 2. maí 1996, 157.499 tonn. Eftirstöðvar af þessum frysta fiski hefðu dugað í u.þ.b. 20 daga vinnslu í frystihúsi stefnda. Eftir að vinnslustöðvun lauk hafi starfsmenn stefnda byrjað á því að þýða upp þennan fisk til vinnslu í frystihúsi stefnda. Meðan til er óunninn frystur fiskur verði að telja að ekki sé um hráefnisskort að ræða.

Í fjórða lagi hafi stefndi ekki sýnt fram á að hann hafi reynt að nýta sér allar þær leiðir og gert allar þær ráðstafanir sem hann hafði tiltækar til að afla sér hráefnis s.s. eins og að kaupa hráefni á fiskmörkuðum til að halda uppi vinnslu.

Varakrafa stefnanda byggir á því að forsendur vinnslustöðvunar hafi brostið með nýju kvótaári.

Málsástæða varakröfu er, að með nýju kvótaári 1. september 1996 hafi brostið forsendur fyrir áframhaldandi hráefnisskorti þar sem skip stefnda hefðu nægan kvóta til veiða og sem þau hefðu getað veitt fyrir nýtt kvótaár en landað 1. september 1996.

Stefndi geti ekki frestað veiðum skipa sinna og haft bolfskivinnslu sína lokaða vegna hráefnisskorts þegar skip hans séu með nægan kvóta til veiða. Enda hafi það komið á daginn að skip stefnda Skafti SK-3 var á veiðum og hafi landað miklu af afla sínum á Fiskmarkað Vestfjarða þar sem hann var seldur í stað þess að taka hann til vinnslu í bolfskideild stefnda og þannig láta vinnslustöðvun vegna hráefnisskort taka enda.

Þrautavarakrafa stefnanda byggir á því að forsendur fyrir áframhaldandi vinnslustöðvun hafi brostið þann 23. september 1996 en þann dag hafi Skafti SK-3 verið búinn að landa rúmunum 211 tonnum á um mánaðartíma.

Málsástæða þrautavarakröfu er að þegar Skafti var búinn að landa 211 tonnum á tímabilinu 21. ágúst til 23. september 1996 hafi

sannanlega verið fyrir hendi forsendur þess að kalla fólk til starfa og ljúka þeirri vinnslustöðvun sem hafði varað frá 12. ágúst 1996.

Varðandi málsástæður í vara- og þrautavarakröfum vísast að öðru leyti til málsástæðna aðalkröfu.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til ákvæði 16.8.1. Í aðalkjarsamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnumálasambandsins frá 21. febrúar 1995.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að í júlímánuði 1996 hafi skip Fiskiðjunnar Skagfirðings hf. (FISK) verið að verða búin með sinn kvóta. Í stað þess að binda skipin við bryggju hafi sú á kvörðun verið tekin að senda fjögur af fimm skipum fyrirtækisins til veiða í Barentshafi (Smugunni). Af þeim sökum hafi verið fyrirsjáanlegt að nægilegt hráefni yrði ekki fyrir hendi til að halda öllum fiskvinnsludeildum fyrirtækisins gangandi síðari hluta ágústmánaðar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi framfylgt öllum þeim formskilyrðum, sem talin séu í gr. 16.8.1., og fyrir hendi hafi verið hráefnisskortur í þeim hluta starfseminnar, þar sem fiskvinnsla hafi verið felld niður. Öll þau skilyrði, sem áskilin eru samkvæmt grein 16.8.1. í kjarasamningi VMS/VMSÍ, hafi því verið til staðar.

Í grein 16.8.1. í kjarasamningi VMS/VMSÍ sé vísað beint til 3. laga nr. 19/1979, en þar sé að finna almenna lagaheimild til að fella starfsfólk af launaskrá án fyrirvara, þegar ákveðnar aðstæður eða atvik eru fyrir hendi án þess að sú talning sé tæmandi. Lagagreinin byggir á sömu sjónarmiðum og reglur um force major í skaðabótarétti, en gangi mun lengra. Lagagreinin er svohljóðandi:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skipstapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klst. á mánuði enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. mgr. 1. gr. um uppsagnarfrest,

enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.“

Þetta lagaákvæði hafi verið sett til að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda og því sé atvinnurekanda heimilt að greiða ekki laun, þegar vinna fellur niður af eðlilegum ástæðum. Starfsmaður missi hins vegar ekki uppsagnafrest sinn meðan þetta tímabundna ástand varir, enda sé ráðningarsamningur milli aðila enn í gildi, þótt laun séu ekki greidd. Noti vinnuveitandi þessa lagaheimild geti starfsmaður ávallt hætt fyrirvaralaust, ef honum býðst annað starf. Greinin hafi því verið hugsuð sem réttarbot og með beitingu greinarinnar taki vinnuveitandi þá áhættu að missa hæft starfsfólk.

Reynt hafi á túlkun hugtaksins hráefnisskortur í lögum nr. 19/1979 og kauptryggingarsamningi fiskverkafólks í þremur dómum. Í Félagsdómi VIII, bls. 230, Hrd. 1985, bls. 30 og Hrd. frá 7. nóvember 1996. Í þessum dómafordæmum komi afdráttarlaust fram að hugtakið hráefnisskortur sé ekki skýrt þröngt, heldur litið til þess hvort rekstrarlegar forsendur séu fyrir öflun og vinnslu hráefnis hjá fiskiðjuveri. 3. gr. laga nr. 19/1979 sé ætlað að milda áhrif óstöðugleika atvinnulífsins fyrir atvinnurekendur. Viðurkennt sé að taprekstur og fjárhagserfiðleikar skipti máli við ákvarðanatöku fiskiðjuvers um vinnslu hráefnis. Dæmt hafi verið að fiskvinnslufyrirtæki geti látið skip sigla með afla, ef ekki telst vera grundvöllur fyrir vinnslu þess hráefnis. Fullyrðingar stefnanda um að taprekstur fyrirtækis skipti engu máli við beitingu 3. gr. laga nr. 19/1979 sé því sérkennilegar.

3. gr. laga nr. 19/1979 hafi staðið óbreytt í lögum frá 1958, sbr. lög nr. 16/1958, og fyrrnefndir dómar hafa ekki orðið tilefni til neinna breytinga á henni. Athygli veki að við reifun lagaraka í stefnu sé hvergi vísað til 3. gr. laga nr. 19/1979. Engu að síður sé ljóst, að lögmanni stefnanda sé fyllilega ljóst að starfsfólk hafi verið fellt af launaskrá með heimild í þeirri lagagrein.

Þegar skilyrði 3. gr. laga nr. 19/1979 séu fyrir hendi, t.d. hráefnisskortur, geti atvinnurekandi fellt starfsfólk af launaskrá fyrirvaralaust. Með kauptryggingarsamningi fiskvinnslufólks og 16. kafla kjarasamnings VMS/VMSÍ hafi hins vegar verið um það samið að fiskvinnslufólk héldi kauptryggingu sinni, þ.e. föstum launum, þegar fiskvinnsla félli fyrirvaralaust niður í fiskiðjuveri vegna hráefnisskorts, sbr. gr. 16.8. Sé hins vegar gefinn 4 vikna fyrirvari á vinnslu-

stöðvun vegna hráefnisskorts, sbr. gr. 16.8.1., þá falli starfsfólk af launaskrá fyrirtækisins að þeim tíma liðnum. Þessari grein geti fiskvinnslufyrirtæki beitt, ef þau telji horfur á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts. Greininni hafi verið beitt í hefðbundnum jólastoppum og þegar fiskvinnslufyrirtæki eru orðin kvótalítill í lok kvótaárs án þess að við það hafi verið gerðar athugasemdir. Grein 16.8.1. hafi staðið óbreytt í kauptryggingarsamningum aðila um árabíl og áratugahefð sé því fyrir beitingu þessarar greinar. Vinnuveitendur hafi aldrei léð máls á breytingu á þessari samningsgrein þótt kauptryggingarmál fiskvinnslufólks hafi verið og séu enn viðfangsefni í kjarasamningum aðila.

Það sé engum vafa undirorpið að hráefni hafi skort til að halda uppi vinnslu í öllum deildum FISK, enda hafi það beinlínis verið viðurkennt af stefnanda áður en vinnlustöðvunin kom til framkvæmda þann 12. ágúst. Hráefnisskortur hafi ekki verið einskorðaður við FISK heldur hafi hann verið til staðar hjá fiskvinnslufyrirtækjum um land allt. Fullyrðingar í stefnu um annað séu rangar og tilhæfulausar. Allur sá þorskur og ufsi, sem skip FISK komu með að landi á vinnlustöðvunartímabilinu, hafi farið til vinnslu í saltfiskdeild fyrirtækisins. Sá afli, sem seldur var á fiskmarkaði, hafi verið aukategundir, sem ekki hafi verið unnar hjá fyrirtækinu um árabíl, enda hafi FISK sérhæft sig í vinnslu þorskafurða. Um það hafi verið samkomulag við sjómenn á skipum FISK að þessi afli færi á fiskmarkað og á því hafi engin breyting orðið á vinnlustöðvunartímabilinu. Aðeins einn togari, Skafti, hafi veitt á heimamíðum þann kvóta, sem eftir var af skipum stefnda og hafi allur sá þorskur og ufsi farið í saltfiskvinnslu. veiðar þessa eina skips hafi ekki dugað til að halda uppi fullri vinnu í saltfiskvinnslu og hafi FISK því keypt þorsk á markaði fyrir saltfiskvinnsluna. Ísfiskskip FISK sem voru að veiðum í Smugunni, Klakkur, Hegranes og Skagfirðingur hafi orðið að salta allan afla um borð. Vegna fjarlægðar frá Íslandi hafi verið útilokað að halda honum ferskum og ísuðum. Þessi afli hafi farið til áframhaldandi vinnslu í saltfiskdeildinni. Reynsla FISK af vinnslu ísaðs fisks úr Smugunni sé mjög slæm, og sé FISK enn í dag að fá kvartanir frá kaupendum vegna ísfisks, sem keyptur var og unnin af þýsku skipi í fyrra. Fjórdá skipið, sem var í Smugunni á vinnlustöðvunartímabilinu, Málmey, sé frystiskip, þar sem afli sé og hafi ávallt verið fullunninn um borð. Sá frysti rússafiskur, sem enn þá

var til í frystigeymslum, hafi verið keyptur fyrir saltfisk og skreiðarvinnslu og því ekki ætlaður til bolfisksvinnslu, enda keyptur fyrir mjög hátt verð 1550 dollara tonnið. Þetta magn, 119 tonn, hefði ekki nægt til að halda uppi vinnslu í frystideild á vinnslustöðvunartímabilinu, þar sem afköst séu 25-30 tonn á sólarhring. Hátt hráefnisverð og lítið framboð á fiskmörkuðum innanlands hafi gert það útilokað fyrir FISK að kaupa bolfisk fyrir frystideild sína, enda hafi deildin verið rekin með umtalsverðum halla. Í saltfiskdeild FISK á Hofsósi hafi verið saltaður og þurrkaður ufsi. Nægilegt magn af slíku hráefni hafi ekki fengist á fiskmörkuðum á vinnslustöðvunartímabilinu. Fullyrðingar um að FISK hafi ekki reynt að halda uppi vinnslu séu furðulegar, því að fyrirtækið hafi haldið uppi fullri vinnslu í hluta af starfseminni.

Um varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda: Lögmæti vinnslustöðvunar FISK hafi hvorki breyst 1. september né 23. september, enda setji hvorki 16. kafli kjarasamnings VMS og VMSÍ né lög nr. 19/1979 nein skilyrði um lengd vinnslustöðvunar. Það tímabil sem vinnslustöðvun stóð yfir hjá FISK, þ.e. frá 12. ágúst – 1. október, hafi í alla staði verið eðlilegt miðað við atvik og aðstæður í rekstri fyrirtækisins. Það eitt að nýtt fiskveiðiár hafi hafist þann 1. september breyti engu um að hráefnisskortur var hjá FISK. Úthlutaðan kvóta þurfi að veiða og við stjórn veiðanna verði að líta til hagsmuna bæði útgerðar og vinnslu í landi. Skip FISK hafi öll nema eitt verið við veiðar í Smugunni þann 1. september nema Skafti, sem veiddi fyrir saltfisksvinnsluna. Ef veiðar úr þessum kvóta hefðu hafist strax hefði hann ekki dugað nema til að halda uppi vinnslu fram í maí á næsta ári. Þorsveiðikvóti FISK á heimamíðum á síðasta ári hafi verið 2700 tonn en veiðar í Smugunni hafi verið frá 2000 til 2700 tonn á ári. Einnig hafi verið ljóst að ef samningar tækjust við Norðmenn um Smuguna, myndi úthlutaður kvóti til íslenskra útgerðar verða byggður á veiðireynslu útgerðanna í Barentshafi. Það hafi því verið sameiginlegir hagsmunir útgerðar, sjómanna og landverkafólks að skipum FISK væri haldið til veiða í Smugunni, ella hefði þeim ein faldlega verið lagt. Vegna þrautavarakröfu stefnanda er ítrekað að af þeim 211 tonnum, sem Skafti landaði á tímabilinu 21. ágúst – 23. september hafi 148 tonn af þorski og 23 tonn af ufsa, eða samtals rúmlega 171 tonn, farið til vinnslu í saltfiskdeild FISK á Sauðárkróki og ekki dugað til að halda uppi fullri saltfisksvinnslu.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefndi á 65. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 130. gr. og 131. gr. laga nr. 91/1991. Við ákvörðun málskostnaðar til stefnda verði að líta til málatilbúnaðar stefnanda, sem einkennist af villandi upplýsingum og framsetningu staðreynda.

Niðurstaða.

Í 1. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, eru settar reglur um lágmarks uppsagnarfrest verkafólks. Í 1. mgr. 3. gr. laganna er sérákvæði, sem heimilar atvinnurekanda að fella niður launagreiðslur til starfsmanna, án uppsagnar, þegar atvinna fellur niður hjá atvinnurekandanum „svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa.“ Meðan slíkt ástand varir missa launþegar ekki uppsagnarrétt sinn og eru jafnframt óbundnir af ákvæðum 1. gr. laganna bjóðist þeim annað starf, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Lög nr. 19/1979 leystu af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Í 3. gr. þeirra laga voru samsvarandi ákvæði og nú eru í 3. gr. laga nr. 19/1979. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 16/1958, en sú grein varð að 3. gr. laganna, er tekið fram að tilgangur umræddrar heimildar til handa atvinnurekanda sé „að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda. . .“ Þá er eftirfarandi tekið fram um atvik þau sem réttlætt geta notkun heimildarinnar: „Í greininni eru nokkur dæmi nefnd þess, að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum. Þessi dæmi eru ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi. Önnur tilvik en þau, sem nefnd eru, koma því til greina. Mætti t.d. nefna, ef vinna fellur niður vegna veðurs, verkfalla eða verkbanna.“

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 19/1979 eru ákvæði laganna ófrávíkjanleg að því leyti að ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bága við lögina, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Í máli þessu er deilt um það hvort stefndi hafi með ákvörðun sinni frá 12. júlí 1996 um vinnslustöðvun í starfsstöðvum sínum á Sauðárkróki og Hofsósi brotið gegn grein 16.8.1. í kjarasamningi aðila. Sú grein kjarasamningsins hefur að geyma heimild til handa at-

vinnurekanda til niðurfellingar á launagreiðslum af þeim toga sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 19/1979. Þessi grein kjarasamningsins er svohljóðandi:

„Ef horfur eru á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts er fyrirtæki þó jafnan heimilt með tilkynningu til starfsfólks, vinnu- miðlunar og verkalýðsfélags, að boða vinnslustöðvun með fjögurra vikna fyrirvara. Sé vinnsla í fyrirtækinu er nægilegt að hengja upp almenna tilkynningu, ella skal hverjum starfsmanni tilkynnt um vinnslustöðvunina. Launagreiðslur falla þá niður frá og með þeim tíma, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.“

Við skýringu á ofangreindu ákvæði kjarasamningsins þykir bera að líta til ákvæða 3. gr. laga nr. 19/1979, eins og túlka ber þau, m.a. með hliðsjón af dómfordæmum, sbr. einkum H 1985:30 og Fd 1981:230.

Með tilkynningum, dags. 12. júlí 1996, var hin umdeilda vinnslustöðvun boðuð með fjögurra vikna fyrirvara og kom til framkvæmda 12. ágúst 1996. Stóð vinnslustöðvunin til 1. október 1996. Áður eða hinn 26. september 1996 hafði stefndi sagt upp 90 starfsmönnum. Í tilkynningunum var ástæða vinnslustöðvunarinnar tilgreind hráefnisskortur. Vinnslustöðvunin tók til hluta af starfsemi stefnda, þ.e. frystingar bolfisks á Sauðárkróki og saltfiskverkunar á Hofsósi.

Í fréttabréfi til starfsmanna, útgefnu 15. júlí 1996, gerði stefndi grein fyrir ástæðum vinnslustöðvunarinnar. Segir þar eftirfarandi: „Ástæður þessa eru að hráefnisöflun er erfið á þessum tíma og hins vegar er ljóst að afkoma á bolfiskvinnslu er óviðunandi. Næstu vikur verða notaðar til þess að bæta reksturinn.“ Í samræmi við þetta hefur skýrt komið fram af hálfu stefnda í málinu að vinnslustöðvunin átti annars vegar rætur að rekja til þess að aflaheimildir stefnda voru að verða uppnar, er leið að lokum fiskveiðiárs, og því ákveðið að senda fjóra af fimm togurum fyrirtækisins til veiða í Smugunni, og hins vegar að taprekstur var af frystingu bolfisks og hátt verð á framboðnu hráefni á markaði.

Komið hefur fram í málinu að hráefni var til í nokkru magni við upphaf vinnslustöðvunar, þ.e. svonefndur „rússafiskur“. Þá liggur fyrir að togarar stefnda öfluðu hráefnis á þessum tíma, þ.á.m. einn á heimamiðum. Að auki er upplýst að stefndi keypti hráefni til vinnslu á þessu tímabili.

Í samræmi við túlkun á 3. gr. laga nr. 19/1979 verður að telja að bakfiskurinn í grein 16.8.1. í kjarasamningi aðila séu óviðráðanleg atvik þ.e. „force majeure“ sjónarmið, enda þótt telja verði, m.a. með hliðsjón af fyrrgreindum dómafordæmum, að heimilt sé að vissu marki að líta til rekstrarástæðna. Á hinn bóginn þykir ljóst að atvinnurekandi hefur ekki sjálfðæmi um það hvort atvikum sé svo farið að vinnslustöðvun með umræddum réttarverkunum sé heimil, enda yrðu ákvæði laga og samninga um þetta þýðingarlítil ef svo yrði talið.

Grein 16.8.1. felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu greinar 16.8. að vinnuveitandi skuldbindur sig til þess að greiða starfsmanni laun, þótt hráefnisskortur valdi vinnslustöðvun. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum skal því túlka grein 16.8.1. þröngt og ber stefndi, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., sönnunarbyrði fyrir því að þau skilyrði hafi verið til staðar að beita mætti undanþágugreininni og segja starfsfólki upp vegna hráefnisskorts.

Óumdeilt er í málinu, að skip stefnda, Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., voru orðin kvótalítil í lok fiskveiðiársins 1995-1996, þegar vinnslustöðvunin kom til framkvæmda. Ekki er hægt að gera þær kröfur til stefnda, að hann héldi allri fiskvinnslu sinni starfandi við þær aðstæður, enda gerði stefnandi, Verkalýðsfélagið Fram, ekki athugasemd við tilkynningu stefnda um vinnslustöðvun eða forsendur hennar.

Á hinn bóginn er ljóst, að með nýju fiskveiðiári, sem hófst 1. september 1996, höfðu skip stefnda nægar aflaheimildir, en fiskur sem landað er eftir 1. september 1996 telst til þess fiskveiðiárs, þó veiddur sé áður. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hráefnisskort fyrirtækisins eftir 1. september 1996 megi rekja til almenns aflabrests, bilana í skipum eða annarra þeirra atvika sem ekki var á hans valdi að ráða við.

Þá verður ekki fallist á þá röksemd stefnda, að líta beri til rekstrarlegra hagsmuna fyrirtækisins við mat á því hvort skilyrði fyrir vinnslustöðvun skv. grein 16.8.1. hafi verið fyrir hendi, enda gat stefndi auðveldlega gætt þeirra hagsmuna sinna með öðrum hætti, t.d. með uppsögn starfsmanna.

Verður því að telja, að stefnda, Fiskiðjunni Skagfirðingi hf., hafi ekki verið heimilt að beita vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts

með vísan til greinar 16.8.1. í títtnefndum kjarasamningi frá 1. september 1996.

Af þessu leiðir, að taka ber varakröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað eins og kveðið er á um í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Vinnslustöðvun stefnda, Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., sem tilkynnt var stefnanda, Fram, verkalýðsfélagi, 12. júlí 1996 og kom til framkvæmda 12. ágúst 1996, var brot á ákvæði 16.8.1. í aðalkjarasamningi milli VMSÍ og VMS frá 1. september 1996.

Stefndi, Vinnuálagasambandið vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Fram, verkalýðsfélags, kr. 150.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i Sigmundar Hannessonar

Ágreiningur málsaðila lítur að því hvort stefndi, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., sem hefur með höndum margháttaða fiskvinnslu á Sauðárkróki og Hofsósi, auk þess að gera út fimm togara, hafi brotið gegn ákv. 16.8.1. í aðalkjarasamningi VMS/VMSÍ, með því að tilkynna um vinnslustöðvun vegna hráefnisskortis í frystingu bolfisks á Sauðárkróki og saltfiskvinnslu á Hofsósi.

Vinnslustöðvunin var boðuð með fjögurra vikna fyrirvara, frá og með 12. ágúst 1996 og stóð til 1. október 1996, er vinnsla hófst að nýju.

Skýringar stefnda á vinnslustöðvuninni koma fram í fréttabréfi til starfsmanna 15. júlí 1996, en þar segir m.a. „Ástæður þessa eru að hráefnisöflun er erfið á þessum tíma og hins vegar er ljóst að afkoma í bolfiskvinnslu er óviðunandi. Næstu vikur verða notaðar til þess að bæta reksturinn.“

Í a.m.k. tveimur ísl. dómum hefur með ákveðnum hætti reynt á túlkun hugtaksins hráefnisskortur, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979, en í

ákv. 16.8.1 í aðalkjarasamningi VMS/VMSÍ er vísað til 3. gr. greindra laga. Þ.e. annars vegar í dómi Félagsdóms VIII. bls. 230 og hins vegar í dómi Hæstaréttar Íslands 1985, bls. 30.

Báðir þessir dómar taka af öll tvímæli um það, að hráefnisskortur geti verið fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, í skilningi 3. gr. laga nr. 19/1979, þegar ekki eru fyrir hendi rekstrarlegar forsendur fyrir öflun og vinnslu hráefnis.

Ekki er um það deilt að með nýju fiskveiðiári, sem hófst 1. september 1996, höfðu skip stefnda nægar aflaheimildir. Fyrir liggur í málinu og er ómótmælt af hálfu stefnanda að ef veiðar hefðu strax hafist úr þessum kvóta, hefði hann ekki dugað stefnda nema til að halda uppi vinnslu fram í maí á næsta ári. Þann 1. september hafi öll skip stefnanda nema eitt verið við veiðar í Smugunni.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórnun fiskveiða með síðari breytingum, kemur m.a. fram, að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Í lögnum er ekki lögð kvöð á veiðileyfishafa að hefja strax veiðar í upphafi fiskveiðiárs.

Þannig er það á valdi veiðileyfishafa hverju sinni, að stjórna veiðum/hráefnisöflun svo fái samrýmst markmiðum laganna um fiskveiðistjórnun.

Upplýst er í máli þessu að á félagssvæði stefnanda, Fram, verkafélags, hafi ákv. 16.8.1. í aðalkjarasamningi verið beitt í „hefðbundnum jólastoppum“ og þegar fiskvinnslufyrirtæki væru orðin kvótalítill í lok fiskveiðiárs, án þess að til eftirmála hafi komið.

Fyrir liggur í málinu staðfesting endurskoðenda um 58,9 millj. kr. tap frystideildar stefnda á Sauðárkróki, skv. árschlutauppgjöri fyrir tímabilið janúar til ágúst 1996.

Með hliðsjón af gögnum þessa máls og því sem hér hefur verið rakið, verður talið að stefnda Fiskiðjunni Skagfirðingi hf., hafi eins og á stóð verið heimilt að beita vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts, með vísan til greinar 16.8.1 í aðalkjarasamningi VMS/VMSÍ, frá 12. ágúst 1996.

Af þessu leiðir, að taka ber aðalkröfu stefnda til greina og skal stefndi vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnumálasambandið vegna Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Fram, verkalýðsfélags, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
